

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 26. nóvember 2021
UST202110-244/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Afþreyingar- og ferðamannasvæði við Fossabrekkur – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 26. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði við Fossabrekkur.

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir áningarstað með þjónustuhúsi fyrir ferðamenn og bílastæðum við Fossabrekkur. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir uppbyggingu á áningar- og útsýnisstað, stígum og gönguleiðum.

Umhverfisstofnun fagnar almennt uppbyggingu áningarstaða og bættu aðgengi að náttúrunni og stýringu ferðamanna. Að mati Umhverfisstofnunar mun mannvirkjagerð á svæðinu, sem er hér til umfjöllunar, breyta ásýnd svæðisins nokkuð. Í stað þess að einungis göngufólk sæki staðinn, þá sérstaklega sunnan megin, munu stærri hópar heimsækja staðinn sem mun valda ákveðnu álagi á viðkvæmt svæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vandað sé til verka, að raski sé haldið í lágmarki og að framkvæmdir á svæðinu rýri og raski ekki verndargildi svæðisins en í því felastvíðerni, gróðurfar, landslag, ásýnd, fossar, straumvatn og bakkagróður.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig hún samræmist náttúruverndarmarkmiðum gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins.

Rask

Svæðið við ána er mjög gróðursælt og óraskað og að mati Umhverfisstofnunar mun nýr stígur við ána og brú, eins og sýnt er á uppdrætti, valda töluverðu raski á gróðri og árbakka. Auk þess er gert ráð fyrir stíg sunnan megin árinna þvert í gegnum gróið svæði. Að mati Umhverfisstofnunar mun stíga- og brúargerð nærri árbakkanum hafa neikvæð áhrif á gróðurfar, ásýnd og landslag svæðisins. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mannvirkjagerð á svæðinu geti haft neikvæð áhrif á upplifun gesta sem heimsækja svæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað, leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði í lágmarki og að valdar verði gönguleiðir sem valda sem minnstu riski.

Umhverfisstofnun bendir á að við framkvæmdir á grónu svæði er mikilvægt að gróðurtorfur verði lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Umhverfisstofnun telur að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur er, t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistir með verndargildi. Mikilvægt er að tryggja að vistgerðum sem njóti verndar verði ekki raskað að mati stofnunarinnar, en samkvæmt vistgerðarkorti NÍ¹ næst fossinum er víðikjarrvist² sem hefur hátt verndargildi. Á öðrum svæðum, þar sem finna má vistgerðir með lágt verndargildi, telur Umhverfisstofnun að nota eigi lágvaxnar grastegundir sem svipa til staðargróðurs ef ekki tekst að fræslægja.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að fossar og nánasta umhverfi þeirra falla undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Mikilvægt er því að ásyn og landslag svæðisins spillist ekki við gerð tillögunnar og við framkvæmdir. Sérstaklega þarf að huga að staðsetningu áningarstaðar vegna þeirra ferðamanna sem koma að svæðinu niður brekkurnar að fossinum að sunnanverðu.

Í greinargerð kemur einnig fram að svæðið er nútímahraun og nefnist það Sigölduhraun, en hraunið á uppruna sinn í Bárðarbungu/eldstöðvakerfinu og rann fyrir um 4.500–7.000 árum. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur einnig undir 61. gr. laganna.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir áhrifum eða röskun á ásyn fossanna og jarðminjanna þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Í greinargerð segir að: „Svæðið er því á náttúruminjaskrá B-hluta. B-hluti er framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.“

Í greinargerð segir að svæðið, Fossabrekkur, sé tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) vegna ferskvatnsvistgerða. Umhverfisstofnun bendir á að hið rétta er að Fossabrekkur eru tilnefndar vegna jarðminja. Svæðið er auk þess innan annars svæðis sem einnig er á tillögu

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <http://www.ni.is/greinar/vidikjarrvist>

að framkvæmdaáætlun, þ.e. svæðið Ytri-Rangá, en það er tilnefnt vegna ferskvatnsvistgerða. Um Fossabrekkur segir á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands að ein helsta ógnin sé ferðamennska. Nefndar eru aðgerðir til verndar svæðisins en þær eru m.a. að byggja upp innviði til varnar skemmdum vegna átroðnings og tryggja að jaðarsvæðum sé ekki raskað í að minnsta kosti 200 m fjarlægð frá útmörkum Rangárbotnanna.

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrá³ út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áður nefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði⁴ til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Frágangur á eldri stíg og bílastæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerðar séu ráðstafanir vegna frágangs og aflögun á eldra bílastæði, göngustíg og villustígum/aflögustígum. Eins og bent var á hér að ofan þá er mikilvægt að nota staðargróður til uppgræðslu.

Ruslatunnur

Umhverfisstofnun telur ruslatunnur óþarfar á svæðinu nema fyrir salernisúrgang. Reynslan hefur sýnt að með fleiri ruslatunnum eykst úrgangur á svæðunum.

Ljósmengun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lýsing valdi ekki ljósmengun og raski þar af leiðandi upplifun gesta á svæðinu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

³ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

⁴ <https://www.ni.is/greinar/su-ytri-ranga> og <https://www.ni.is/greinar/fossabrekkur>